

Skólalífið í apríl

Aprílmánuður var líflegur hjá okkur í Grunnskólanum í Þorlákshöfn þó hefðbundið páskafrí hafi auðvitað stýtt hann talsvert. Dagana 4.-7. apríl var fríríkið Þorpið starfrækt í skólanum og var það mikið tilhlökkunarefni hjá nemendum og starfsfólki. Fyrir þá sem ekki þekkja til starfsins í Þorpinu er gaman að segja frá því að þá er öllu skólastarfi umturnað og fyrirtæki af ýmsu tagi sett á laggirnar. Gjaldmiðillinn „þollari“ er tekinn í gagnið og bankinn í Þorpinu borgar starfsmönnum (nemendum) laun fyrir vinnuna. Fjórir dagar eru teknir í verkefnið en síðasti dagurinn er uppskerudagur. Þá eru afurðir vinnunnar seldar, selt inn á viðburði og kaffihús starfrækt. Þennan dag myndast skemmtilegur þorpsbragur í skólanum þar sem foreldrar, afar, ömmur og aðrir gestir mæta á staðinn. Flestir fara í bankann og kaupa sér þollara fyrir íslenskar krónur og fara síðan um Þorpið og versla. Skartgripagerð, kertagerð, fiskvinnsla, listasmiðja, saumastofa og bakarí eru dæmi um fyrirtæki í Þorpinu auk þess sem fréttablaðið Þorparinn er gefið út og útvarpsstöð starfrækt. Starfsfólk stöðvanna er á ýmsum aldri og hjá sumum fyrirtækjum störfuðu nemendur úr öllum árgöngum saman í sátt og samlyndi, þeir eldri hjálpuðu þeim yngri og allir fengu hlutverk við hæfi. Þorpsverkefnið gekk mjög vel í ár, en þetta er í þriðja sinn sem það er unnið. Stefnt er að því að halda því fyrirkomulagi sem verið hefur, að hafa Þorpið annað hvert skólaár á vordögum.

Í vetur hefur gott samstarf verið milli leikskólans Bergheima og grunnskólans og hafa gagnkvæmar heimsóknir elstu deildar Bergheima og 1. bekkjar grunnskólans verið reglulegar í vetur. Hóparnir hittust nú í byrjun apríl ásamt kennurum sínum og héldu nokkurs konar uppskeruhátíð. Sungin voru nokkur lög, spjallað, leikið og boðið var upp á kleinur og djús. Þetta var hin besta skemmtun og góður endir á góðum vetri.

Skólapúlsinn er tæki sem notað er við mat á skólastarfi grunnskólans. Nemendur 6. – 10. bekkjar taka þátt í skólapúlsinum, svara spurningum varðandi skólastarfið, námið og líðan. Út frá niðurstöðum er svo reynt að bæta það sem betur má fara. Sambærileg foreldrakönnun hefur verið tekin annað slagið og einnig starfsmannakönnun. Kannanir allra þriggja hópanna voru teknar í vetur og þegar þetta er ritað er verið að vinna úr þeim síðastnefndu.

Um næstu mánaðamót mun sveitarfélagið taka upp samstarf við fyrirtækið Vinnuvernd og fengu starfsmenn skólans kynningu á því samstarfi í byrjun apríl. Einnig fengum við árvissa heimsókn frá ljósmyndara sem myndaði 1., 6. og 10. bekk.

Síðustu vikuna í apríl fór 7. bekkur í skólabúðir að Reykjum í Hrútafirði, en það hefur verið árviss viðburður í skólanum frá upphafi skólabúðastarfsemi þar. Þessi ferð er ávallt mikið tilhlökkunarefni og undirbúningur tekur a.m.k. eitt ár, enda safna krakkarnir fyrir ferðinni með ýmsu móti. Ferðin gekk vel í ár og krakkarnir skóla sínum og heimilum til mikils sóma.

Innilegar sumarkveðjur sendum við úr Grunnskólanum í Þorlákshöfn til Ölfusinga allra.

Sigprúður Harðardóttir